

**Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá
1992 til 1995**

**Ingi Rúnar Jónsson
Sigurður Guðjónsson
Jón Örn Pálsson**

Maí 1996

VMSTR/96008

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Framkvæmd.....	2
3. Niðurstöður	3
3.1. Rannsóknir 1995	3
3.2. Rannsóknir 1992-1994.....	3
4. Umræður	4
5. Þakkarorð.....	7
6. Heimildaskrá.....	7
Myndir	9
Tölur	13

1. Inngangur

Svarfaðardalsá á upptök sín í hálendi Tröllaskagans og fellur um Svarfaðardal til sjávar, í vestanverðum Eyjafirði. Hún er 29 km löng og vatnasvið hennar um 450 km², en af því er jökull um 20 km² (Sigurjón Rist 1990). Allmargar þverár falla í Svarfaðardalsá á leið hennar til sjávar og er Skíðadalsá þeirra stærst, en hún ber nafn af dalnum sem hún rennur um. Ármót Svarfaðardalsár og Skíðadalsár eru um 12 km frá sjó. Skíðadalsá er um 22 km löng og vatnasvið hennar um 176 km², en af því er jökull um 16,5 km² (Sigurjón Rist 1990). Svarfaðardalsá og Skíðadalsá eru fiskgengar um 20 km frá sjó. Aðrar þverár Svarfaðardalsár eru mun styttri, svo og fiskgengi hluti þeirra. Ár vatnakerfisins eru kaldar og rennsli þeirra mjög háð veðurfari, en snjóbráðar gætir venjulega í þeim allt sumarið. Rennsli er því lítið í þeim í frostum á vetrum, en flóð algeng í leysingum og í mikilli úrkomu.

Vatnakerfi Svarfaðardalsár tilheyrir flokki dragáa á blágrýtissvæðum samkvæmt flokkun Sigurðar Guðjónssonar (1990) á íslenskum vötnum. Auk flestra áa á Tröllaskaga, tilheyra flestar ár á Vestfjörðum og Austurlandi þessum flokki áa. Berggrunnurinn er þéttur á þessum landsvæðum og vatnsforðageymsla landsins lítil. Árnar eiga upptök sín í gróðurlitlu fjallendi, eru oft stuttar og falla bratt til sjávar. Árnar eru því venjulega efnasnauðar og standa undir tiltölulega lítilli lífrænni framleiðslu.

Þrjár tegundir laxfiska finnast hér á landi, þ.e. lax, urriði og bleikja. Bleikjan er harðgerðust þessara tegunda og getur nýtt sér mjög mismunandi búsvæði, en laxinn er kröfuharðastur þessara tegunda til umhverfisins og finnst í frjósamari og hlýrri ám landsins. Urriðinn gerir ekki eins miklar kröfur til umhverfisins og laxinn, en er þó kröfuharðari en bleikjan hvað hita og frjósemi áнна varðar. Efnainnihald vatns má meta með því að mæla rafleiðni þess, en nær línulegt samband er milli magns uppleystra steinefna í vatninu og rafleiðni þess. Magn uppleystra efna er síðan mælikvarði á áburðarmagn árinna. Uppleyst steinefni eru almennt í meira magni í ám á yngri svæðum landsins. Berggrunnurinn á Tröllaskaga tilheyrir hins vegar eldri hlutum landsins og er rafleiðni dragáa á þessum svæðum lág, 20 til 60 $\mu\text{S}/\text{sm}$ (Sigurður Guðjónsson 1990). Hérlandis finnst varla lax í ám með lægri rafleiðni en 60 $\mu\text{S}/\text{sm}$, urriði er algengur þar sem leiðnin er milli 40 og 60 $\mu\text{S}/\text{sm}$, en bleikjan er nær allráðandi þar sem leiðnin er lægri en 40 $\mu\text{S}/\text{sm}$. Rafleiðni vatnsins í Svarfaðardalsá er lítil eða

aðeins um 30 $\mu\text{S}/\text{sm}$ (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993). Miðað við fyrrnefndar forsendur má álykta að Svarfaðardalsá hafi fyrst og fremst hentugt búsvæði fyrir bleikju, enda er hún aðalfisktegund árinna. Gerðar hafa verið tilraunir með sleppingar á laxaseiðum í Svarfaðardalsá en heimtur verið litlar (Tumi Tómasson 1976).

Bleikja getur haft tvenns konar lífsferil. Hún getur annars vegar alið allan sinn aldur í ferskvatni (staðbundin bleikja), en hins vegar dvalið fyrstu ár ævi sinnar í ferskvatni sem seiði, gengið þá árlega til sjávar yfir sumartímann og dvalið í ferskvatni yfir veturinn (sjóbleikja). Fyrst til sjávar á vorin er stærsta bleikjan, sem gengið hefur í sjó áður, og síðust í röðinni seiðin sem eru að ganga í sjó í fyrsta sinn. Bleikjan gengur svo í sömu röð í ána aftur. Kynþroska hluti stofnsins, sem ætlar að hrygna á komandi hausti, gengur fyrr aftur upp í ána en ókynþroska hluti hans, venjuleg í júlí og fyrri part ágúst. Smæsta bleikjan gengur síðust í ána, oft í september. Sjóbleikja er uppistaðan í veiðinni í Svarfaðardalsá, en stangveiði er stunduð í ánni. Eitthvað af urriða og laxi veiðast venjulega árlega, en almennt finnst þó lítið af þessum tegundum í vatnakerfinu.

Árið 1992 hófust árvissar rannsóknir á sjóbleikju í vatnakerfi Svarfaðardalsár, en rannsóknir höfðu þó áður verið gerðar á fiskstofnum árinna (Tumi Tómasson 1976). Rafveitt hefur verið í vatnakerfinu árlega yfir fjögurra ára tímabil í því skyni að afla gagna um ástand seiðaárganga í ánni, s.s. útbreiðslu seiða, þéttleika, vöxt og aldur þeirra. Sumarið 1992 voru einnig tekin sýni af sjógenginni bleikju. Þær upplýsingar sem safnast hafa gera síðan kleyft að álykta um lífsmynstur bleikjunnar og möguleika á nýtingu stofnsins.

2. Framkvæmd

Seiðabúskapur í vatnakerfinu var athugaður árlega síðla sumars með rafveiðum árin 1992 til 1995. Rafveiddar voru þrjár til fimm stöðvar í Svarfaðardalsá og Skíðadalsá á hverju ári, auk einnar stöðvar í Holtsá og Þverá. Vegna malarnáms reyndist ekki marktækt að rafveiða stöðvar 1 og 2 í Svarfaðardalsá öll árin. Utan þess var rafveitt í Síki og Skallá haustið 1992, ein stöð á hvorum stað (1. mynd). Farin var ein rafveiðiyfirferð á hverri stöð í á hverju ári. Flatarmál rafveidds svæðis var mælt í

hvert skipti í því skyni að reikna fjölda seiða á flatareiningu (100 m²). Seiðin voru greind til tegunda og stærð þeirra mæld. Hluti aflans var kyngreindur og kvörnum safnað til aldursgreiningar. Árið 1992 var safnað sýnum af sjógenginni bleikju úr afla stangveiðimanna og með ádrætti eftir veiðitíma. Kvarnir og hreistur var tekið af bleikjunni til aldursgreiningar, hún lengdar- og þyngdarmæld, kyngreind og kynþroski hennar ákvarðaður.

3. Niðurstöður

Áður hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum rafveiða árána 1992-1994 (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993, bréf til veiðifélags 1994) og verða hér því aðeins birtar helstu niðurstöður þeirra ára, en nánar greint frá niðurstöðum rafveiða 1995.

3.1. Rannsóknir 1995

Í rafveiðum haustið 1995 fundust aðeins vorgömul (0⁺) til þriggja ára (3⁺) gömul bleikjuseiði í vatnakerfinu, en engin urriða- eða laxaseiði. Allir þessir árgangar fundust í Skíðadalsá, eins til þriggja ára seiði í Holtsá og Svarfaðardalsá, en einungis þriggja ára seiði í Þverá (2. - 4. mynd). Meðallengdir aldurshópa bleikjuseiða í öllu vatnakerfinu voru frá 4,4 til 14,1 sm (tafla 1). Heildarþéttleiki seiða var hæstur í Skíðadalsá, en lítið eitt lægri í Holtsá. Þéttleiki einstakra aldurshópa var hæstur hjá eins árs seiðum í Holtsá, en heildarþéttleiki vorgamalla seiða mælist lítill þar sem þau fundust aðeins á tveimur stöðvum í Skíðadalsá (3. mynd, tafla 2). Skráð stangveiði á bleikju og urriða var sú minnsta sem verið hefur frá 1992, 358 bleikjur og 18 urriðar. Sumarið 1995 veiddist aðeins einn lax í ánni (tafla 4).

3.2. Rannsóknir 1992-1994

Bleikjuseiði veiddust öll árin á hefðbundnum rafveiðistöðvum í Svarfaðardalsá, Skíðadalsá, Þverá og Holtsá. Í Skallá veiddust aðeins bleikjuseiði haustið 1992, en í Síki veiddust þá hins vegar 27 urriðaseiði (23 vorgömul seiði og 4 árgömul seiði), auk tveggja bleikjuseiða (tafla 1). Einnig veiddist eitt laxaseiði í Holtsá 1992 og eitt urriðaseiði 1993 (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993).

Heildarþéttleiki bleikjuseiða, þar sem teknir eru saman allir árgangar, var lægstur árið 1993, 2,8 seiði á hverja 100 m², en hæstur árin 1992 og 1994, ríflega 5 seiði á hverja 100 m² árbots. Þéttleiki einstakra árganga er nokkuð breytilegur milli ára og er lægstur fyrir 0⁺ seiði árið 1995, 0,2 seiði á hverja 100 m² (tafla 3).

Samkvæmt rannsóknunum í Svarfaðardalsá 1992 dvelur bleikjan tvö til þrjú sumur í sjó áður en kynþroska er náð, en þá er hún um 33 til 50 sm löng. Kynþroska bleikja er uppistaðan í afla í stangveiði, en auk þess slæðast ókynþroska bleikjur með og þá einkum þær þeirra sem stærri eru. Þetta á einkum við undir lok veiðitímans þegar ókynþroska hluti stofnsins er að ganga í vatnakerfið (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993). Skráð stangveiði á bleikju hefur sveiflast mikið á rannsóknartímanum, eða frá 358 bleikjum upp í 1049 bleikjur. Árlega hafa veiðst 18 til 44 urriðar í vatnakerfinu, en miklu færri laxar eða alls 12 á fjögurra ára rannsóknartíma (tafla 4).

4. Umræður

Bleikjuseiði finnast mjög víða í vatnakerfinu. Seiðin velja sér staði í ánni við þann straum og þá botngerð sem hentar þeim m.t.t. stærðar þeirra. Þau halda sig á grýttum botni og eru stærri seiðin í nokkrum straum á grófgrýttum botni, en minni seiðin á finna undirlagi í minni straum. Seiði finnast nánast alls staðar í vatnakerfinu þar sem skilyrði leyfa, en neðarlega í Svarfaðardalsá er botninn finn og straumur lítill og því er þar lítið um seiði. Þéttleiki bleikjuseiða er nokkuð breytilegur milli ára innan vatnakerfisins, svo og milli ára (töflur 2 og 3). Heildarþéttleiki bleikjuseiða mældist 7,2 seiði á hverja 100 m² í rannsókn á fiskstofnum vatnakerfisins árið 1976 (Tumi Tómasson 1976).

Rannsóknir í vatnkerfi Svarfaðardalsár benda til þess að þar gangi sjóbleikja til sjávar í fyrsta skipti tveggja til þriggja ára gömul, en lítið fannst af eldri seiðum en tveggja ára (tafla 1). Þetta er í samræmi við fyrri rannsókn á seiðastofnum árinna (Tumi Tómasson 1976). Aldursgreiningar á sjógenginni bleikju úr Svarfaðardalsá frá árinu 1992 benda til sömu niðurstöðu (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993). Þetta er svipaður sjógöngualdur bleikjuseiða og finnst hjá sjóbleikjustofnum annars staðar á landinu þar sem aðstæður eru líkar því sem gerist í Svarfaðardalsá. Má

þar nefna bleikju í ám á sunnanverðum Austfjörðum (Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1993) og í ám við Gilsfjörð (Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1995). Í frjósamari ám þar sem aðstæður eru betri dvelja sjóbleikjuseiðin oft skemur í ferskvatni fyrir fyrstu sjógöngu og eru dæmi um að þar sem aðstæður eru góðar gangi bleikjuseiði eins árs til sjávar, s.s. í Vesturdalsá í Vopnafirði (Ingi Rúnar Jónsson 1994).

Rannsóknir á sjóbleikju í öðrum vatnakerfum sýna að stærsta bleikjan gengur að jafnaði fyrst til sjávar á vorin og snýr fyrst til baka í ána um sumarið. Bleikjurnar fara svo hver af annari til sjávar eftir stærð fisksins og í sömu röð aftur upp í ferskvatn fyrir veturinn. Gönguseiði hvers árs ganga síðust út í sjó og koma síðust úr sjó undir haust (Sigurður Guðjónsson 1989). Þetta göngumynstur virðist einnig eiga við um sjóbleikjuna í Svarfaðardalsá. Vegna þessa göngumynsturs bleikjunnar er uppistaða sjóbleikjuveiðinar í Svarfaðardalsá stærri einstaklingar stofnsins, mest fiskur sem ætlar að hrygna komandi haust. Einhverjar ókynþroska bleikjur eru þó í veiðinni og þá helst undir lok veiðitímans þegar stærstu ókynþroska einstaklingarnir eru að ganga í ána. Mikilvægar upplýsingar fengjust um göngumynstur, veiðiálag og vöxt bleikjunnar ef unnt væri að merkja villtan fisk í vatnakerfinu.

Meðan á sjávardvöl stendur heldur sjóbleikjan sig almennt nærri ströndinni og fer ekki mjög langt frá heimkynnum sínum, en sem dæmi má nefna að bleikja úr vatnakerfi Blöndu heldur sig að mestu í sjónum innan Húnaflóa og lítilla í Skagafirði (Sigurður Guðjónsson 1989, Friðjón Már Viðarsson 1987). Því er líklegt að sjóbleikjan úr Svarfaðardalsá haldi sig að mestu við ströndina í Eyjafirði. Erfitt er að segja til um hversu mikið er veitt af bleikjunni meðan hún er í sjó, en sameiginlegt hagsmunamál þeirra sem koma að veiðum á sjóbleikju í ám, hvort heldur er veiðiréttareigendur eða veiðimenn, er að stemma stigu við miklum bleikjuveiðum í sjó. Með samstilltu átaki er unnt að minnka veiðar í sjó, þar sem þeir sem leyfi hafa til slíkra veiða eru fáir og þurfa að sanna sinn veiðirétt.

Í upphaflegri áætlun rannsókna á sjóbleikju í ánni var gert ráð fyrir að gerðar yrðu tilraunir með sleppingar bleikjuseiða í vatnakerfið. Í því skyni var klakfiski safnað í ánni haustið 1992, en sá fiskur greindist með nýrnaveikismit og var því fargað. Klakfiski hefur ekki verið safnað úr ánni síðan. Erfitt er að segja fyrir um árangur sleppinga sjóbleikjuseiða. Eins og fram hefur komið eru rennslissveiflur í vatnakerfinu miklar. Rennsli árinna hefur afgerandi áhrif á veiði og getur mikið rennsli rýrt

möguleika til stangveiða í ánni um lengri eða skemmri tíma að sumrinu, en sumarið 1995 er dæmi um slíkt. Af þeim sökum er ekki hægt að segja til um hvað sleppingar bleikjuseiða yllu raunverulega mikilli aukningu í fjölda stangveiddra bleikja, þó svo endurheimtur á þeim fiski í ána úr sjó yrðu viðunandi. Hér á landi hafa sleppingar á sjóbleikjuseiðum verið reyndar í Dyrhólaósi, en þar voru endurheimtur á merktri bleikju í netaveiði í ósnum hæstar 4,3 %, í veiði samsumars (Magnús Jóhannsson og Lárus Þór Kristjánsson 1991). Í Noregi hafa verið gerðar tilraunir með sleppingar bleikjusjógönguseiði í ár. Á árunum 1987 til 1990 var sleppt um 21 þúsund sjógönguseiðum í Halsvassdraget í Finnmörku í norður Noregi. Endurheimtur á þessum fiski í gildru neðarlega í vatnakerfinu voru nokkuð breytilegar eftir sleppihópum og á milli ára, eða á bilinu 5,7 til 49 %. Að meðaltali voru endurheimturnar um 15 % eftir fyrsta sumar í sjó og um 70 til 80 % þeirra bleikju sem gekk til sjávar í annað sinn endurheimtist að hausti. Seiðin juku þyngd sína ekki mikið fyrsta sumarið í sjó, en á öðru sumri var vöxturinn góður og má sem dæmi nefna að 25 til 30 sm löng sjógönguseiði juku þyngd sína um 200 til 300 grömm á öðru sumri í sjó (Heggberget 1991).

Ef farið verður út í sleppingar bleikjuseiða verður að nota bleikjur af stofni árinna til undaneldis og merkja a.m.k. hluta seiðanna fyrir sleppingu til að mögulegt sé að meta árangur sleppinganna. Æskilegt væri að gera tilraun með áhrif mismunandi sleppistaða og stærðar gönguseiða. Seiðunum yrði þá sleppt á tveim stöðum, ofarlega og neðarlega í Svarfaðardalsá. Gerð yrði sitt hvor sleppitjörnir á bökkum árinna á þessum stöðum. Rannsóknir á laxi leiða í ljós að staðsetning sleppistaðar hefur áhrif á dreifingu endurkomufisks innan vatnakerfisins, en kynþroska fiskur leitast við að komast að þeim stað í ánni þaðan sem honum var sleppt (Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 1991). Með sleppingu seiða ofarlega í Svarfaðardalsá eða Skíðadalsá mætti því hugsanlega hliðra veiðinni að einhverju leyti ofar í vatnakerfið, en hún er nú aðallega bundin við neðri hluta þess.

Eins og áður hefur komið fram er mikill munur á aldri/stærð náttúrulegra bleikjugönguseiða milli vatnakerfa. Æskilegt væri að sleppa tveim hópum gönguseiða sem fengið hefðu mismunandi eldisferil og hefðu því mismunandi meðalstærð. Veturinn fyrir sleppingu yrðu seiðin alin við mismunandi hita (4°C og 7°C), þannig að áætluð meðalstærð seiðanna yrði 60 og 120 grömm í maí. Þá yrðu seiðin flutt í sleppitjarnirnar á bökkum Svarfaðardalsár, þar sem þau væru alin í nokkrar vikur fram að sleppingu.

Áríðandi er að merkjaleit sé skilvirk í öllum afla úr ánni, en hvert endurheimt merki er mikilvægt til að meta árangur sleppinganna. Upplýsa þarf veiðimenn um rannsóknirnar og best væri ef einn eða fáir aðilar gætu sinnt merkjaleit í sem mestu af afla veiðimanna. Eftir sem áður er mikilvægt að skrá í veiðibók upplýsingar um alla fiska sem veiðast, en samviskusamleg skráning veiði er ein forsenda þess að unnt sé að meta mikilvægi veiða til hlunninda.

5. Þakkarorð

Friðjón Már Viðarsson annaðist aldursgreiningu og úrvinnslu gagna áranna 1992 og 1993. Gunnsteinn Þorgilsson veitti góða leiðsögn um vatnakerfi Svarfaðardalsár og tók ásamt öðrum veiðifélagsmönnum þátt í söfnun sýna. Guðni Guðbergsson las yfir handrit. Þessum aðilum öllum eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra hlut.

6. Heimildaskrá

Friðjón Már Viðarsson 1987. Sjóbleikjurannsóknir í Blöndu A-Húnavatnssýslu. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. 5 eininga rannsóknarverkefni.

Heggberget, Tor G. 1991. Sjørøye - muligheter i havbeite. Norsk fiskeoppdrett 2A:15-17.

Ingi Rúnar Jónsson 1994. The life-history of the anadromous Arctic char, *Salvelinus alpinus* (L.), in River Vesturdalsa and Lagoon Nypslon NE-Iceland. Prófrítgerð í fiskifræði við háskólann í Bergen. 96 bls.

Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1993. Rannsóknir á sjóbleikju í Álftafirði, Hamarsfirði og Berufirði. Veiðimálastofnun. VMST-R/93023.

Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1995. Gilsfjörður 1995. Rannsóknir á laxfiskum í Gilsfirði og ánum sem í hann renna. Áfangaskýrsla. Veiðimálastofnun. VMST-R/95021X.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 1991. Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Rangánnna. Veiðimálastofnun. VMST-S/91001.

Magnús Jóhannsson og Lárus Þór Kristjánsson 1991. Hafbeit á bleikju í Dyrhólaósi. Veiðimálastofnun. VMST-S/91006.


Sigurður Guðjónsson. 1989. Migration of anadromous arctic char (*Salvelinus alpinus* L.) in a glacier river Blanda, North Iceland. bls. 116-123. Í E.L. Brannon og B. Jonsson (ritstj.). Proceedings of the Salmonid Migration Symposium, Trondheim June 1987.

Sigurður Guðjónsson 1990. Íslensk vötn og vistræðileg flokkun þeirra. Vatnið og landið;219-223.





Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993. Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá. Veiðimálastofnun. VMST-R/93022.

Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.





Tumi Tómasson 1976. Rannsókn á Svarfaðardalsá 22-23/7 1976. Veiðimálastofnun - skýrsla.





1. mynd. Rafveiðistöðvar í Svarfaðardalsá, Skíðadalsá, Holtsá, Siki, Þverá og Skallá árin 1992 til 1995.



2. Mynd. Fjöldi, lengd og aldur bleikjuseiða í rafveiði í Svarfaðardalsá í september 1995.



3. Mynd. Fjöldi, lengd og aldur bleikjuseiða í rafveiði í Skíðadalsá í september 1995.



4. Mynd. Fjöldi, lengd og aldur bleikjuseiða í rafveiði í Þverá og Holtsá í september 1995.

Tafla 1. Meðallengd og staðalfrávik mismunandi aldurshópa bleikjuseiða í rafveiði í Svarfáðardalsá, Skíðadalsá, Þverá og Holtssá árin 1992 til 1995 og bleikju- og urriðaseiða í Skallá og Síki 1992.

Fisktegund	Veðistaður	Aldurs- hópur seiða	1992		1993		1994		1995	
			Meðal- lengd (sm)	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðal- lengd (sm)	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðal- lengd (sm)	Staðal- frávik
Bleikja	Svarfáðardalsá	0 ⁺	5,0	0,79	8	5,0	0,73	7	4,3	0,53
		1 ⁺	7,8	0,82	13	8,0	0,82	6	6,8	0,49
		2 ⁺	11,0	1,29	12	11,1	1,27	4	11,1	1,29
		3 ⁺				14,6	-	1	13,7	1,58
		4 ⁺						3	18,9	0,52
	Skíðadalsá	0 ⁺	5,2	0,47	39	4,7	0,44	15	4,6	0,43
		1 ⁺	9,8	0,89	21	9,2	0,85	9	8,4	1,00
		2 ⁺	13,8	1,12	4	14,4	-	1	13,4	0,07
		3 ⁺	15,2	-	1					
	Þverá	0 ⁺	4,2	-	1					
		1 ⁺	8,5	0,72	17	7,0	0,42	2	8,6	1,06
		2 ⁺	14,0	0,71	6	11,6	1,28	8	11,0	0,53
		3 ⁺	15,5	1,00	5	14,6	-	1	18,7	-
		4 ⁺				19,4	-	1		
	Holtssá	0 ⁺				5,7	-	1		
		1 ⁺	8,2	0,44	4				7,3	-
		2 ⁺	12,5	1,27	2	12,6	0,07	2	10,3	-
		3 ⁺				15,1	-	1	16,0	-
	Skallá	0 ⁺	4,0	-	1					
		1 ⁺	7,4	0,49	5					
		2 ⁺	11,1	-	1					
		3 ⁺								
	Síki	1 ⁺	11,2	-	1					
		2 ⁺	14,0	-	1					
	Allt vatnakerfið	0 ⁺	5,1	0,56	49	4,8	0,57	23	4,5	0,48
		1 ⁺	8,7	1,20	61	8,5	1,10	17	8,1	1,11
		2 ⁺	12,3	1,77	26	11,7	1,39	15	11,3	1,24
		3 ⁺	15,4	0,90	6	14,8	0,29	3	14,2	2,07
		4 ⁺				19,4	-	1	18,9	0,52
Urriði	Síki	0 ⁺	4,0	0,40	23					
		1 ⁺	7,3	0,98	4					

Tafla 2. Þéttleiki bleikjuseiða í Svarfaðardalsá, Skíðadalsá, Holtsá og Þverá í september 1995, umreiknað á 100 fermetra. Seiðunum var safnað með einni rafveiðiyfirferð á hverri stöð. Aldur seiðanna er gefinn í fjölda vetra eftir klak og táknað plúsinn aftan við töluna vöxt frá síðastliðnu vori. Þéttleikinn er reiknaður fyrir mismunandi aldurshópa seiða, auk heildarþéttleika allra árganga.

Vatnsfall	Fjöldi stöðva	Heildar flatarmál stöðva (m ²)	Þéttleiki seiða (fjöldi seiða á hverja 100 m ² árbots)				
			Eftir aldurshópum				Allir árgangar
			0+	1+	2+	3+	
Svarfaðardalsá	3	490		1,0	2,0	0,2	3,3
Skíðadalsá	3	600	0,5	3,0	1,5	0,2	5,2
Þverá	1	160				2,5	2,5
Holtsá	1	260		3,5	1,2	0,4	5,0
Allt vatnakerfið	8	1510	0,2	2,1	1,5	0,5	4,2

Tafla 3. Þéttleiki bleikjuseiða (fjöldi á hverja 100 m² árbots) í rafveiði í vatnakerfi Svarfaðardalsár árin 1992 til 1995.

Ár	Heildar- fjöldi veiðistöðva	Heildar flatarmál rafveitt (m ²)	Þéttleiki seiða (fjöldi seiða á hverja 100 m ² árbots)				
			Eftir aldurshópum				Allir árgangar
			0 ⁺	1 ⁺	2 ⁺	3 ⁺ og eldri	
1992	14	2780	1,8	2,2	0,9	0,2	5,1
1993	9	2090	1,1	0,8	0,7	0,2	2,8
1994	9	2570	2,2	1,8	0,6	0,6	5,2
1995	8	1510	0,2	2,1	1,5	0,5	4,2

Tafla 4. Skráður fjöldi stangveiddra fiska í Svarfaðardalsá árin 1992 til 1995.

Ár	Bleikja	Lax	Urriði
1992	1049	7	44
1993	668	3	23
1994	1038	1	26
1995	358	1	18